

sem hann tók á móti í ofanálág, hverju bæjarstjórnin gengur að með þökkum.

1871.  
19. janúar.

ad 4. pósti. Prófasturinn lofar að skila öllum jarðarhúsum á Eyri í líku standi sem þau nú eru í, og láta af hendi allt naglfast, gólf og þiljur, o. s. frv., sem nú er hans eign innanum bæinn, að engu undanskildu, í ofanálág, nema timburhúsinu, og gjörir bæjarstjórnin sig ánægða með þetta. Þó undanskiljast stórskemmdir, sem presturinn borgar, en þar á móti ekki venjuleg fyrning, sem fellur bæjarsjóðnum, fyrir þann tíma, sem presturinn samkvæmt framangreindu hefir rétt til að búa í honum.

Að endingu komu báðir viðkomandi málspartar sér saman um, að skyldi eitthvað ágreinings atkvæði rísa útaf þeim upprunalega samningi, dagsettum 1. febr. þ. á., sem allir viðkomendur þó ekki álitu neitt tvíræðan, eða þurfa nokkurra athugasemda með, að það skuli metast og afgjörast af útnefndum óvilhöllum mönnum, sem málspartar sjálfir koma sér saman um, eða eru útnefndir af yfirumsjónarmönnum kaupstaðar og prestsseturs-lóðarinnar.

Ofanskrifuðu til staðfestu eru allra viðkomenda undirskrifuð nöfn.

(Sömu nöfn og að framan).

## 6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skyldu héraðslækna til að ferðast um Skaptafellssýslu.<sup>1</sup>

24. janúar.

Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu hefir farið þess á leit, sökum þess, að þar gekk í fyrra mislinga-sótt, að það verði gjört þeim tveimur héraðslæknum að skyldu, sem skipaðir eru í Austur- og Vestur-Skaptafellssýslu, — en það eru þeir: lækurinn í austur-héraði

<sup>1</sup>) Þetta bréf er s. d. tilkynt amtmanninum í norður- og austurum-dæminu.

1871.

24. janúar.

norður- og austurumdæmisins og læknirinn í austurhéraði suður-umdæmisins —, að ferðast tvisvar á ári um nefndar sýslur, til að rannsaka heilbrigði manna á milli, og gefa fátæklingum þar kost á að leita til þeirra. Útaf þessu hafið þér, herra stiptamtmaður, eptir að þér hafið leitað álita landlæknisins á Íslandi og beggja þeirra lækna, sem í hlut eiga, í bréfi 23. septbr f. á. borið það undir úrskurð stjórnarráðsins, að það verði lagt tæðum læknum fyrir, að fara eina eða tvær ferðir á ári í þessu skyni á þeim tíma, sem birtur sè alþýðu fyrirfram, og skuli annar læknirinn fara til Örnefa í Austur-Skaptafellssýslu, en hinn til Kirkjubæjarklausturs í Vestur-Skaptafellssýslu. Þér hafið jafnframt getið þess, að yður finnist ekki að lækarnir geti átt neina heimtingu á endurgjaldi fyrir þessar ferðir, eins og þeir hafa krafizt í álitsskjólum sínum, því þessum ferðum verði ekki jafnað við þær, sem lækna fara, þegar næmar sóttir ganga, eða til líkskurðar, og því um líks, enda muni lækarnir geta búizt við, að fá nokkra þóknun fyrir lækningar á leiðinni, til að standast ferðakostnaðinn. Skyldi samt sem áður fara svo, að þeim verði veitt endurgjald fyrir þessar ferðir, — en yður finnst hæfilegt, að það sè þá látið vera 20 eða 25 rd., — hafið þér stungið uppá, að taka það úr læknasjóðnum, sem hefir nóg fè fyrir hendi til þess, þangað til að því kemur, að borga þarf 400 rd. á ári af sjóðnum, samkvæmt auglýsing dómsmálastjórnarinnar 31. maí 1867<sup>1</sup>, handa lækni, sem vildi setjast að í Skaptafellssýslu.

Um þetta mál hefir stjórnarráðið skrifazt á við hið konunglega heilbrigðisráð, og mælist til, að þér, herra stiptamtmaður, bjóðið héraðslækninum í austurhéraði suðurumdæmisins og hinum setta héraðslækni í austurhéraði norður- og austurumdæmisins, að fara að minnsta kosti einusinni á ári ferðir þær, sem hér hefir verið stungið uppá, þangað til læknir fæst til að setjast að í Skaptafellssýslu uppá þau kjör, sem tiltekin eru í fyr nefndri auglýsingu dómsmálastjórnarinnar. Læknarnir skulu hafa meðferðis almenn lækningameðöl, og skal borga læknum í austurhéraði suðurumdæmisins 25 rd. fyrir hverja ferð úr læknasjóðnum, en hinum

<sup>1</sup>) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 432.

setta héraðslækni í austurhéraði norður- og austurumdæmisins hefir stjórnarráðinu ekki fundizt ástæða til að veita neitt endurgjald, og mun stjórnarráðið sjá um að sá, sem embættið verður veitt, verði skyldaður til að fara þessar ferðir kauplaust.

1871.  
24. janúar.

## 7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um skipstrand og gripdeildir enskra sjómanna.

24. janúar.

Í bræfi 6. f. m. hefir utanríkisstjórnin, eptir tilhlutun hins frakkneska sendiboða í Danmörku, mælt til, að dómsmálastjórnin annaðhvort sendi svo fljótt sem verður reikningana viðvikjandi hinu strandaða fiskiskipi »Emilie« D 53 frá »Dunkerque«, eða, ef þetta ekki er hægt, láti til skýrslur, svo hún fullkomlega geti skýrt sendiboðanum frá, hversvegna málið hafi dregizt.

Útaf þessu gefst utanríkisstjórninni til vitundar, að þessir reikningar komu ekki hingað með síðasta póstskipi frá Íslandi í miðjum fyrra mán., eins og þó búizt hafði verið við. Með því málið með þessu móti ekki mun verða á enda kljád fyr en í vor, þegar gufuskipsferðirnar byrja aptur til Íslands, skal stjórnarráðið samkvæmt tilmælum utanríkisstjórnarinnar ekki leiða hjá sér, að skýra frá þeim atvikum við þetta strand, sem því eru kunnug.

Eins og sjá má af skjölum þeim, sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu sendi utanríkisstjórninni beina leið, en hún aptur sendi hingað með bræfi, dagsettu 18. febrm. 1869, rak skipið á grunn við Skagann í norður- og austurumdæminu, og skildu skipverjar þar við það; fundu síðan tveir enskir skipstjórnarmenn skipið á Skagafirði, og sigldu með það uppá Siglu-fjörð 5. ágúst 1868; hreppstjórinn þar lét þá láta alla lausa muni ofan í farmrúm skipsins, og setti innsigli bæði fyrir farmrúmið og fyrir káettuna. Nóttina milli 6. og 7. s. m. var farmrúmið rífið upp og káettan brotin, höfðu þá skipverjar af hinu enska skipi »Onward«, er skipstjórnarmaður »Abe« stýrði, rænt þar, og tekið alla kaðla af skipinu og það, sem laust var, en skipstjóri skilaði því þó að mestu leyti aptur, og var þá ekki gjört neitt